



**afsteinn
Guðmundsson**

hönnuður

bókagerðarmaður

kennari

prentsmiðjustjóri

bókaútgefandi

sýning í Þjóðarbókhöfuð

opnuð 7. febrúar 2015

Hafsteinn Guðmundsson – hönnuður, bókagerðarmaður, kennari, prentsmiðjustjóri, bókaútgefandi

Sýning í Þjóðarbókhöllu, opnuð 7. febrúar 2015

Hönnun sýningar og skrár:

Ólafur J. Engilbertsson

Texti:

Guðmundur Hafsteinnsson, Stefán Ólafsson, Bragi Þórðarson, Þorsteinn Þorsteinsson, Ólafur J. Engilbertsson

Umsjón með verkefninu:

Guðmundur Hafsteinnsson, Stefán Ólafsson, Svanur Jóhannesson

Erindi á málþingi um Hafstein Guðmundsson:

Svanur Jóhannesson – um prentsmiðjur á Íslandi og kynni af Hafsteini

Bragi Þórðarson – hjá Hafsteini í Hólaprenti

Þorgeir Baldursson – um Odda og samstarf Baldurs föður hans og Hafsteins

Þröstur Jónsson – um bókbandsnám hjá Hafsteini

Þóra Elfa Björnsson – um setningu hjá Hafsteini Guðmundssyni í Hólum

Haraldur Ólafsson – um samstarf við Hafstein við Íslenska Þjóðmenningu

Helgi Grímsson – um Þjóðsögur Sigfúsar Sigfússonar, síðasta Þjóðsagnaflokk Þjóðsögu

Torfi Jónsson – um leturgerð og kynni af Hafsteini

Goddur – um móðernistann Hafstein

Prófarkalestur:

Jökull Sævarsson, Bryndís Ísaksdóttir, Guðmundur Hafsteinnsson, Helgi Grímsson, Stefán Ólafsson, Svanur Jóhannesson

Ljósmyndir:

Helgi Bragason, Sveinn Þormóðsson/*Morgunblaðið*, Gunnar V. Andrésson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Edda Sigurjónsdóttir, Kjartan Guðmundsson, Unnar Auðarson. Auk þess myndir í eigu fjölskyldu Hafsteins

Sérstakar þakkir:

Guðmundur Hafsteinnsson, Anna Benassi, Stefán Ólafsson, Goddur, Unnar Örn Jónasson Auðarson

Prentun skrár:

GuðjónÓ – vistvæna prentsmiðjan

Prentun sýningar:

Sýningakerfi ehf

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2015

ISBN 978-9935-434-06-7

Félag bókagerðarmanna og Félag íslenskra bókaútgefenda styrktu sýninguna

Hafsteinn Guðmundsson

hönnuður

bókagerðarmaður


kennari

prentsmiðjustjóri

bókaútgefandi

Sýning í Þjóðarbókhöllu

opnuð 7. febrúar 2015



Hafsteinn Guðmundsson 1989. Mynd:
Gunnar V. Andr sson / Lj smyndasafn
Reykjav kur.

Fylgt úr hlaði

Verkið lofar meistarann

Hafsteinn Guðmundsson var 14 ára þegar hann hóf nám haustið 1926 hjá Guðjóni Ó. Guðjónssyni í Vestmannaeyjaprentsmiðju og meðan heilsan leyfði sinnti hann prentlist og bókagerð og kom víða við á löngum ferli.

Hafsteinn var óþreytandi að leita fanga til að efla kunnáttu sína, að loknu sveinsprófi sótti hann tíma hjá listmálurunum Finni Jónssyni, Jóhanni Briem og Þorvaldi Skúlasyni. Hann stundaði svo nám í Bókiðnaskólanum í Kaupmannahöfn og starfaði um skeið þar í borg. Heimsstyrjöldin síðari batt enda á nám og störf Hafsteins í Danmörku og hann sneri heim. Árið 1940 gaf Hið íslenska prentarafélag út ritið *Prentlistin fimm hundruð ára* og fékk marga af helstu fræðimönnum landsins til að skrifa um þýðingu og framlag prentlistarinnar. Hafsteini var falinn frágangur bókarinnar og teikningar hans og lýsingar í ritinu vekja enn aðdáun og þykja afburða glæsilegar.

Hafsteinn var lengstum prentsmiðjustjóri, fyrst í Prentsmiðjunni Hólum og síðar í eigin Prenthúsi, og hannaði þá aragrúa prentgripa. Bókaflokkarnir sem hann hannaði fyrir Mál og menningu voru t.d. ákaflega smekklegir og þá ekki síður bókaflokkarnir sem hann hannaði fyrir Almenna bókafélagið, aðalkeppinaut Máls og menningar.

Hafsteinn var einnig mikilvirkur bókaútgefandi og forlag hans, Bókaútgáfan Þjóðsaga, réðst yfirleitt ekki á garðinn þar sem hann var lægstur. Ýmsar perlur íslenskra bókmennta og menningar ættum við sjálfsagt ekki – ef Hafstein hefði skort kjark – því eins og gengur voru ekki allar ferðir til fjár. Ekkert var samt til sparað, nostrað við hvert atriði. Leturval, uppsetning, pappír og bókbönd, allt var þaulhugað og handbragð meistarans leyndi sér ekki. Hafsteinn var enda heiðursfélagi Félags íslenskra bókaútgefenda og einnig heiðursdoktor við Háskóla Íslands og vel að þeim sóma kominn.

En Hafsteinn hannaði ekki bara prentgripa. Það hefur ekkert farið leynt en er þó ekki á allra vitorði að Hafsteinn hannaði skreytingar á matar- og kaffistell sem Kvenfélagið Edda færði Hinu íslenska prentarafélagi 1956 til að nota í félagsheimili sínu að Hverfisgötu 21.



Hafsteinn Guðmundsson um 1960.



Hafsteinn Guðmundsson 1989. Mynd: Edda Sigurjónsdóttir.

Og enn er ógetið þess sem ekki liggur í augum uppi, áhrifa hans á svartlistina sjálfa. Fáir, ef nokkrir, hafa haft viðlíka áhrif á þróun iðnnáms og Hafsteinn. Er heim kom var hann óþreytandi að kenna prenturum. 1939 tók hann t.d. upp á því að hafa tilraunanámskeið í Iðnskólanum í Reykjavík í fagteikningu fyrir setningu og prentun. Þá var ekki talið sérlega gáfulegt að kenna handverk með blýanti og strokleðri og fagteikning fyrir prentara var ekki til. „Þetta heppn- aðist mér alveg þrýðilega vel,“ sagði Hafsteinn í viðtali. Og fagteikningin var tekin upp í fleiri iðngreinum. En Hafsteinn hélt áfram að kenna prentnemum fagteikningu í eina tvo áratugi og var enn lengur prófdómari eftir að hann hætti kennslu. Hann var í forystu fyrir að koma upp prentskóla og kenndi þar í upp- hafi og var síðan formaður sveinsprófsnefndar í setningu einhverja áratugi. Og þá eru ótaldir sveinarnir sem hann útskrifaði í Hólum, þeir áttu eftir að setja mark sitt á prentlist og bókaútgáfu og gera enn.

Fyrir hönd Félags bókagerðarmanna, *Stefán Ólafsson*

„Faðir prentlistarinnar á Íslandi á 20. öld“

Hafsteinn Guðmundsson bókaútgefandi var oft nefndur „faðir prentlistarinnar á Íslandi á 20. öld“. Hann starfaði um árabíl í stjórn Félags íslenskra bóka- útgefenda. Hafsteinn kom í stjórn félagsins á umbrotatímum. Bókaklúbbar voru í frumbersku og umræður um tilboð og afslætti voru þá nýlunda. Greindi menn mjög á um leiðir í þeim efnum. Hafsteinn hafði ákveðnar skoðanir á málefnum bókaútgáfunnar á Íslandi og langa reynslu á þeim vettvangi. Tók hann virkan þátt í þessum umræðum og lagði gott til mála. Vera hans í stjórninni reyndist því giftudrjúg fyrir félagið. Á aðalfundi Félags íslenskra bókaútgefenda 1984, þegar Hafsteinn lauk störfum í stjórninni, var hann gerður að heiðursfélaga. Í kveðju- orðum sínum gat hann þess m.a., að hann hefði unnið við bækur og prentverk frá 14 ára aldri. Þessi störf hefðu, auk þess að vera lífsstarf sitt, verið samfelld skemmtun. „Bókaútgáfa, bókagerð og ritun bóka eru allar af sama toga spunn- ar, þær eru mér hugstæðar eins og ég væri allt í senn, rithöfundur, prentari og útgefandi,“ sagði Hafsteinn á þessum aðalfundi. Sannarlega var þar rétt mælt. Félag íslenskra bókaútgefenda er þakklátt Hafsteini Guðmundssyni fyrir störf hans við bókaútgáfu og bókagerð á Íslandi og þau spor sem hann markaði þar á vegferð sinni.

Fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda, *Bragi Þórðarson*

Guðmundur Hafsteinsson

Hafsteinn Guðmundsson – æviágrip

Hafsteinn Guðmundsson fæddist í Vestmannaeyjum 7. apríl 1912 í Breiðabliki, húsi Gísla J. Johnsens kaupmanns, þar sem móðir hans, Guðrún Kristjánsdóttir (1889-1960) frá Auraseli í Fljótshlíð, var vinnukona. Líklegast hefur Guðrún starfað við saum og hannyrðir á heimili kaupmannsins, því að síðar á lífsleiðinni fékkst hún við slík störf og þau fóru henni einstaklega vel úr hendi. Faðir Hafsteins var Guðmundur Helgason (1884-1977) frá Grímsstöðum í Vestur-Landeyjum, sjómaður og bátsformaður og síðar þekktur forystumaður sjómanna-samtakanna í Vestmannaeyjum og fyrsti formaður Sjómannafélagsins Jötuns. Guðrún og Guðmundur eignuðust tvö önnur börn áður en þau slitu samvistir 1918: Ágúst (1913-1980) og Ástu (1915-1999).

Þótt Hafsteinn væri ekki nema fimm ára hafði hann sínar skoðanir á skilnaði foreldra sinna, var afar ósáttur við hann, og fylgdi föður sínum á annan stað. Þeir feðgar fluttu í Heiðardal, heimili Arnleifar, systur Guðmundar, og Guðmundar




Hafsteinn þriggja ára með móður sinni, Guðrúnu Kristjánsdóttur. Ljósmynd: Kjartan Guðmundsson.



Breiðablik 1913. Ljósmynd: Kjartan Guðmundsson.



Að ofan: fermingar mynd af Hafsteini t.h. og Ágústi bróður hans. Til hliðar: Gularás og Árni Ingvarsson bóndi. Hafsteinn var sendur þangað sex ára.



Prentstrákar um 1930, líklega við Ísafold. Hafsteinn lengst til vinstri, Baldur Eyþórsson lengst til hægri.

Sigurðssonar sjómanns. Ekki fékk Hafsteinn að njóta samvista við föður sinn lengi því að sex ára gamall var hann, gegn vilja sínum, settur skælandi í bát og sendur upp í Vestur-Landeyjar til annarrar föðursystur sinnar, Sigríðar, og eiginmanns hennar, Árna Ingvarssonar, sem bjuggu á bænum Gularási. Þar var fyrir hálfbróðir Hafsteins, Friðrik Guðmundsson (1906-1988), honum sex árum eldri. Á Gularási fékk Hafsteinn gott atlæti og reyndust honum allir vel. En hann saknaði Eyjanna, foreldra sinna og systkina afar sárt. Úr Landeyjum er stutt yfir til Vestmannaeyja; þær virðast rétt í seilingarfjarlægð og er skyggja tók sáust ljósin í húsunum þar mjög greinilega. Öll þau sex ár sem Hafsteinn átti heima á Gularási kvaldi heimþráin hann og hann ímyndaði sér að hann gæti sætt foreldra sína ef hann kæmist heim. Hann gerði ítrekaðar tilraunir til að strjúka og koma sér aftur til Eyjanna kærur, og vorið sem hann varð tólf ára tókst honum ætlunarverk sitt. Hann kom sér í bát sem var á leið til Eyja. Þegar þangað kom var honum ekki illa tekið. Honum var lofað að hann mætti búa framvegis í Eyjum með því skilyrði að hann færi aftur upp í Landeyjar og ynni þar um sumarið. Hafsteinn samþykkti það og frá og með hausti 1924 þar til hann flutti til Reykjavíkur 1929 bjó hann í Vestmannaeyjum.

Eftir endurkomuna til Vestmannaeyja bjó Hafsteinn aftur hjá frændfólki sínu í Heiðardal. Á árinu sem hann fermdist, sínu fimmtánda, hóf hann að vinna

í prentsmiðju fyrir tilstuðlan föður síns og komst á samning þar fimmtán ára gamall. Námið gekk skrykkjótt því að prentsmiðjurekstur í Eyjum gekk erfiðlega; prentmeistararnir komu og fóru og entust ekki nema fáeina mánuði hver þeirra. Um tíma vann Hafsteinn sem bakaradregur. Þegar hann var orðinn sautján ára og hjá fimmta læriföðurnum, Valdimar Long, sagði Hafsteinn honum að sér mundi aldrei auðnast að verða fagmaður með þessu áframhaldi. Valdimar útvegaði honum þá námsvist í Ísafoldarprentsmiðju og örlög hans voru ráðin.

Prentsmiðjustjóri í Ísafold á þessum tíma var Gunnar Einarsson, síðar kenndur við Leiftur. Varð hann því sjötti og síðasti meistari Hafsteins, sem lauk prentnámi 1932 og vann hjá Ísafold svo til óslitið næstu tíu árin eftir það. Fyrsta stóra verkið sem Hafsteini var fengið að námi loknu var að handsetja *Íslenska þjóðhætti* Jónasar frá Hrafnagili sem komu út 1934. Hafsteinn hafði þá þegar mikinn áhuga á þjóðlegum fróðleik og öllu er snerti líf þjóðarinnar. Hann kannaðist við flest af því sem um var rætt í verki Jónasar úr veru sinni í sveitinni en saknaði þess að það væri ekki ítarlegra. Hér var kveikjan að síðasta stóra verkinu sem Hafsteinn réðst í rúmri hálfri öld síðar, *Íslenskri þjóðmenningu*. Á þessum árum kynntist Hafsteinn fyrri konu sinni, Ólafíu Jóhannsdóttur (1915-1998), dóttur hjónanna Ólafíu Hólm Ólafsdóttur (1888-1915) og Jóhanns Torfa Steinssonar yfirvélstjóra (1887-1966), og gekk að eiga hana 12. janúar 1935. Með Ólafíu eignaðist Hafsteinn dótturina Dröfn (1941).



Hafsteinn og Ólafía með Dröfn 1941.



Til hliðar: Hafsteinn með skólafélögum og kennurum á sumarnámskeiðinu í Kaupmannahöfn 1939.



Fjallað var um úrlausnir Hafsteins á verkefnum við Fagskolen for Boghaandværk í tímaritinu *Det grafiske Fag* eftir að hann var kominn heim úr námi.



Púsundáraríkið eftir Upton Sinclair, 1941. Bókarkápa eftir Hafstein.

Þótt Hafsteinn hefði lokið fullgildum réttindum í prentfaginu langaði hann til að mennta sig frekar í starfsgrein sinni. Ekki var þess kostur að fara í framhaldsnám í prentið, en hægt var að auka við sig í grein sem hefur grundvallartengsl við prentlistina: list formsins. Í Iðnskólanum hafði Hafsteinn verið í teiknitímum, m.a. hjá Birni Björnssyni, sem tók hann ásamt tveimur skólabræðrum í einkatíma um tveggja ára skeið. Hafsteini fannst hann læra margt af Birni, einkum í gerð vörumerkja og myndskreytinga. Á næstu árum sótti Hafsteinn einnig myndlistartíma til Finns Jónssonar, Jóhanns Briem og Þorvalds Skúlasonar til að skerpa formskyn sitt og æfa sig í teikningu og málverki. Kvaðst hann sér í lagi hafa lært mikið af Þorvaldi, sem var að glíma við svipuð vandamál og hann sjálfur, að skipuleggja myndflötinn, því að prentlistin er flatarlist. Hafsteinn hafði ætíð mikið dálæti á listamanninum og læriföðurnum Þorvaldi Skúlasyni og gaf út um hann bók á níunda áratugnum. Upp á sitt eindæmi æfði Hafsteinn sig líka í línóleumskurði og skrautskrift.


Sumarið 1939 lét Hafsteinn langþráðan draum um frekara nám í starfsgrein sinni rætast. Hann fór til Kaupmannahafnar á sex vikna sumarnámskeið í Fagskolen for Boghaandværk. Tíminn sem Hafsteinn eyddi í Kaupmannahöfn varð honum innblástur ætíð síðan. Honum þóttu kennararnir afbragðsgóðir læri-meistarar, framúrskarandi fagmenn og fagaðir drengskaparmenn og honum fundust þeir og aðrir sér mjög velviljaðir. Sóttist honum námið einkar vel og hlaut hann viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur að því loknu, en mest um vert þótti honum að sér skyldi boðið starf á Gutenbergshus óumbeðið. Hafsteinn þáði starfið með þökkum og hóf vinnu hjá hinu virta prentverki. Hann vildi halda áfram að mennta sig og ætlaði á kvöldnámskeið í háskólanum samhliða vinnunni. Framhaldsdvöl í Danmörku var honum því alls ekki á móti skapi. Hann hafði þó ekki unnið nema um mánaðartíma á Gutenbergshus þegar síðari heimsstyrjöldin braust út í byrjun september. Honum var, ásamt öðrum, sagt upp störfum. Eftir síðasta daginn í vinnunni, þegar Hafsteinn var á leið út, komu tveir menn til mótis við hann og buðu honum vinnu í annarri prentsmiðju. En þá hafði honum snúist hugur og hann vildi komast aftur heim til Íslands. Þangað fór hann með næstu skipsferð og hóf að nýju störf hjá Ísafold. Var svo liðið nærri jólum þann vetur þegar starfsbróðir Hafsteins, Steindór Gunnarsson, hringdi til hans og sagði að það væri grein í blaði dönsku prentsmiðjúsamtakanna, *Det grafiske Fag*, þar sem fjallað væri um úrlausnir hans á verkefnum á sumarskólanum og farið um þær mjög lofsamlegum orðum. Birtust litmyndir af fimm úrlausnum Hafsteins og sagði í greininni að einn nemandi hafi vakið alveg sérstaka athygli kennara námskeiðsins, sumpart fyrir það hve glöggur

hann væri að skilja hin fræðilegu grundvallaratriði sem þar voru kennd og sum-
part fyrir það hve lagið honum væri að setja persónulegan svip á verk sín. Þessi
ungi Íslendingur hafi við hvert sitt verkefni ákveðna hugmynd sem byggð væri
á efni þess sem prenta skyldi. Og fyrir þessari hugmynd gerði hann grein með
línóleum-skurðmyndum sínum sem hann gerði sjálfur teikningarnar að.

Strax eftir heimkomuna vildi Hafsteinn miðla af nýfenginni reynslu sinni og
kunnáttu. Að eigin frumkvæði fékk hann að láni kennslustofu í Iðnskólanum
til að halda námskeið í fagteikningu fyrir prentara þá um haustið. Námskeiðið
var sex vikna langt og það sóttu einir ellefu sveinar. Einu kennslutækin voru
blýantar og strokleður enda ekki önnur kennslugögn að hafa, þar sem enginn
prentskóli var í landinu. Að námskeiðinu loknu var afrakstur þess hengdur upp í
kennslustofunni og hafður til sýnis. Var gerður góður rómur að verkefnum og
framtakinu og var Hafsteinn ráðinn að Iðnskólanum til kennslu fagteikningar
fyrir prentara sem hann sinnti næstu tuttugu árin. Hafsteinn var á næstu árum
eindreginn talsmaður þess að hér yrði stofnaður prentskóli, og þegar hann var
orðinn aðili að Félagi íslenskra prentsmiðjueigenda lagði hann ásamt félögum
sínum þar drög að prentskólasjóði, sem skyldi kaupa tæki fyrir prentskólann sem
svo var stofnaður við Iðnskólann árið 1958. Hafsteinn var í nefndum tengdum
prentskólanum í um þrjá áratugi, lengst af formaður prófanefndar skólans.

Hafsteinn sagði stundum frá því í léttum tón að í Ísafold hefði sér verið legið á
hálsi fyrir að vera nokkuð seinvirkur. Hann vildi kenna seinvirknina því að hann
væri að velta fyrir sér viðfangsefninu. Þessar aðfinnslur, sem kannski voru fremur
stríðni en ákúrir, komu ekki í veg fyrir að honum væru fengin vandasöm verkefni
til úrlausnar. Skömmu eftir heimkomuna fékk Hafsteinn því það sérstaka úr-
lausnarefni að myndskreyta og handlýsa safn ritgerða í tilefni fimm hundruð ára
afmælis uppfinningar Gutenbergs á setningu og prentun með lausu lettri. Safnið
kom út 1940 að tilhlutan Hins íslenska prentarafélags og á kostnað Ísafoldar. Í
einhverja mánuði vann Hafsteinn að ritgerðasafninu *Prentlistin fimm hundruð
ára* í kjallaraherbergi sem leigt hafði verið til þess fyrir hann á Laufásveginum.
Á titilsíðu bókarinnar og við upphaf hverrar ritgerðar var teiknuð margbrotin
skreyting með penna sem síðan var prentuð með svörtu. Þegar bókin var komin
saman handlitaði Hafsteinn svo 135 eintök svo engin tvö voru eins.

Haustið 1942 urðu miklar breytingar á störfum Hafsteins þegar hann tók að
sér forstöðu nýstofnaðrar prentsmiðju hlutafélagsins Hóla, sem ýmist var köll-
uð Prentsmiðjan Hólar, Hólaprent eða bara Hólar. Stofnfundur Hóla hafði
verið haldinn 11. janúar 1942 í Austurbæjarskólanum undir forystu Kristins E.




Hafsteinn myndlýsti afmælisrit sem
gefið var út í tilefni af 500 ára afmæli
prentlistarinnar árið 1940 og hand-
litaði 135 eintök, svo engin tvö eru
eins.



Hafsteinn hannaði haus og allt útlit
Prentarans 1940.



Verkefnamappa sem Hafsteinn hannaði fyrir Hóla um 1960. Hann teiknaði og setti upp merki, bréfsefni, umslög og ýmiss konar eyðublöð fyrir fyrirtækin sem hann var í forsvari fyrir og ótal mörg önnur félög.



Umslag sem Hafsteinn hannaði fyrir Hóla.

Andréssonar. Framhaldsstofnfundur var haldinn 10. maí sama ár og var þá kosin stjórn félagsins. Kosningu hlutu: Jón Grímsson, formaður, Ragnar Jónsson, varaformaður, Ragnar Ólafsson, ritari og Jens Guðbjörnsson og Stefán Ögmundsson, meðstjórnendur. Sá síðastnefndi var vinur Hafsteins frá því snemma á Reykjavíkuvíkurárum hans og starfsbróðir. Í viðtali sem Stefán átti við Hafstein 1989 og birtist í *Prentaranum* kemur fram að búið hafi verið að velja Hafstein til að gegna stöðu forstjóra rúmu ári fyrir stofnfundinn og að Stefán hafi átt stærstan þátt í að Hafsteinn fékk stöðuna. Í öllu falli taldi hann Hafstein á að taka að sér starfið, því að Hafsteini hraus hugur við svo mikilli ábyrgð og öllu því umstangi sem slíkri ábyrgð fylgdi. Eigi að síður mun honum þó hafa fundist þetta mikið gæfuspör fyrir sig þegar frá leið. Hann hætti hjá Ísafold í ágústlok og tók formlega við starfinu 2. september. Það hófst á því að koma vélum og búnaði fyrir í húsnæði hins nýja fyrirtækis, litlum lágrestum bakhúsum, sem fest höfðu verið kaup á, að Óðinsgötu 13. Í árslok 1942 voru starfsmenn prentsmiðjunnar sjö, auk forstjóra.

Mál og menning var einn stærsti hluthafi Hóla og eitt helsta hlutverk prentsmiðjunnar var að prenta útgáfur þess fyrirtækis, en að sjálfsgöðu var þjónusta Hóla-prents öllum opin og hópur viðskiptavina óx hratt. Reksturinn gekk svo vel að brátt var talið hagstætt að ráðast í byggingu nýrra húsakynna að Þingholtsstræti 27. Húsið var stórhýsi á þeirra tíma mælikvarða, fjórar hæðir og kjallari. Byggingarframkvæmdir hófust um mitt ár 1945. Þeim miðaði svo greiðlega að prentsmiðjan gat flutt inn um miðjan október 1946, einungis sextán mánuðum frá því að byrjað var að grafa fyrir húsinu. Um áramótin 1946-47 var opnuð bókbandsstofa sem hluti af prentsmiðjunni. Í fyrstu nýtti fyrirtækið sér aðra hæðina og kjallarann en hinar þrjár hæðirnar voru leigðar út. Eftir fáein ár flutti bókbandsstofan á þriðju hæðina.



Óðinsgata 13.



Fjölskyldan 1955. Frá vinstri: Gunnar Kvaran, Helga, Dröfn, Helga Hobbs með Guðrínu og Hafsteinn með Guðmund.

Hafsteinn hafði yfirumsjón með öllum framkvæmdum við byggingu hins nýja húsnæðis Hóla, auk þess að sjá um daglegan rekstur prentsmiðjunnar. Annir voru því miklar, en miklar vonir og tilhlökkun voru bundnar hinu nýja húsi, bæði hvað varðaði starfsvettvang og einnig einkahag. Litlu áður en prentsmiðjan flutti í Þingholtsstrætið gekk Hafsteinn í annað hjónaband sitt þegar hann kvæntist Helgu Hobbs 21. september 1946. Helga fæddist í Liverpool á Englandi 13. september 1919, dóttir hjónanna Clifford Hobbs fiskkaupmanns og Jósefínu Helga-dóttur Zoëga. Hún bjó á Englandi til sjö ára aldurs þegar hún flutti með móður sinni og systur til Reykjavíkur þar sem þær mæðgur bjuggu upp frá því. Áð hjónavígslu lokinni fluttu Hafsteinn og Helga inn í aðra tveggja íbúða sem voru í smíðum á efstu hæð hins nýja prentsmiðjuhúss. Með þeim var tæplega þriggja ára sonur Helgu af fyrra hjónabandi, Gunnar Kvaran, sem Hafsteinn gekk í föðurstað. Í þessari íbúð bjuggu hjónin næstu tólf árin og þar fæddust þeim þrjú börn: Helga (1948), Guðmundur (1953) og Guðrún (1955).

Bókaútgáfan Þjóðsaga varð til árið 1954 til þess að svara eftirspurn eftir *Íslenskum Þjóðsögum og ævintýrum* Jóns Árnasonar, sem höfðu þá ekki verið til í verslunum um allnokkurt skeið. Hafsteinn og Gunnar Einarsson, fyrrum meistari hans úr Ísafold, ákváðu að gefa út þjóðsögurnar í sameiningu undir Þjóðsögunafninu. Eldri útgáfur af *Íslenskum Þjóðsögum og ævintýrum* Jóns Árnasonar höfðu verið mest tveggja binda verk. En allt safn þjóðsagna Jóns var varðveitt í hand-



Helga og Hafsteinn í London 1951.



Hafsteinn ásamt starfsmönnum Hóla árið 1961.

ritum á Landsbókasafninu og Hafsteinn vildi gefa það út sem næst í heild sinni og málfari handrits. Ráðnir voru ritstjórar, Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, og útgáfa hafin. Óvíst var um hversu umfangsmikil útgáfan yrði, en því betur sem ritstjórar könnuðu handritin, þeim mun ljósari varð þeim ávinningur fyrir lesendur og fræðimenn að samfelldari og heildstæðari útgáfu en áður hafði sést. Gunnari þótti útgáfan sækjast seint og bauð hann Hafsteini þá að kaupa sinn hlut í útgáfunni á tíu víxlum. Hafsteinn gekk að því og varð eigandi að Þjóðsögu 1956. Það var ekki fyrr

en 1961 að sjötta og síðasta bindi *Íslenskra þjóðsagna og ævintýra* kom út hjá Þjóðsögu, nærri átta árum eftir að vinna að útgáfunni hófst. Sex binda safn *Íslenskra þjóðsagna og ævintýra*, sem fjárhagslega reyndist önnur meginburðarstoð fyrirtækisins, fylgdi Hafsteini og Þjóðsögu þau 39 ár sem hann var eigandi og stjórnandi útgáfunnar.

Þjóðsaga var ekki fyrr búin að gefa út *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* Jóns Árnasonar en Hafsteinn hrinti í framkvæmd næstu verkefnum forlagsins á sviði þjóðlegra fræða. Hugur hans stóð til að gefa út öll helstu söfn íslenskra þjóðsagna. Hann leitaði því til Sigurðar Nordals og Þórbergs Þórðarsonar um endurútgáfu á *Gráskinnu*, þjóðsagnasafni þeirra útgefna á miðjum fjórða áratugnum. Féllust þeir á endurútgáfu en áttu jafnmikið efni af sama toga óprentað og verið hafði í *Gráskinnu*. Því var bætt við og endurútgáfan, kölluð *Gráskinna hin meiri*, kom út í tveimur bindum árið 1962. Á fyrri hluta sjötta áratugarins hóf Þjóðsaga einnig endurútgáfu á öðru miklu safni þjóðsagna, *Grímu*, sem Þorsteinn M. Jónsson skólastjóri á Akureyri hafði gefið út á allöngu tímabili fyrr á öldinni. Safnið var aukið töluvert og kom út í fimm bindum undir heitinu *Gríma hin nýja*. Reynt var að vanda mjög til þessara útgáfna og fylgdu ítarlegar skrár í lok hvers safns, oftast nafna-, staða-, heimildarmanna- og atriðisorðaskrár.

Árið 1964 rakst Hafsteinn á auglýsingu í dagblaði frá sænska útgáfufyrirtækinu Diana Bildreportage, þar sem það leitaði að íslenskum aðila til að gefa út árlegan fréttánnál sinn um helstu stórviðburði liðins árs í myndum og máli. Hann fann strax á sér að þetta væri líklegt til að vekja áhuga fróðleiksfúsra landa sinna, setti



Þinghóltsstræti 27.



Hafsteinn með Sigurði Nordal og Þórbergi Þórðarsyni við útgáfu *Gráskinnu hinnar meiri*, 1962.



Gráskinnu hin meiri.

sig í samband við hina erlendu útgáfu, dreif sig í framhaldi til Svíþjóðar og kom heim með útgáfusamning við Diana Bildreportage. Næsta ár kom svo út fyrsta árbókin á Íslandi, *Árið 1965*, og varð Ísland tíunda landið til að gefa bókina út. Þýðandi og ritstjóri var Gísli Ólafsson. Bókinni var afar vel tekið og seldist vel og Hafsteinn fékk þá hugmynd að hafa íslenskan sérkafla sem ekki tíðkaðist hjá neinni hinna útgáfupjóðanna. Hann fékk Björn Jóhannsson blaðamann til að velja efni í og rita íslenskan fréttánnál sem yrði hluti af bókinni. *Árið 1966* hafði slíkan íslenskan sérkafla. Þá endurhannaði Hafsteinn hlífðarkápuna á fjölþjóðlegu útgáfunni fyrir þá íslensku. Hönnun hans féll í svo góðan jarðveg að hún var tekin upp fyrir hina fjölþjóðlegu útgáfu. Ekki leið heldur á löngu þar til fleiri þjóðir vildu hafa sérkafla með helstu atburðum úr lífi sinnar þjóðar ár hvert. Alls gaf Hafsteinn út 29 árbækur og alltaf með vini sína Gísla og Björn sér við hlið. Síðasta bókin var *Árið 1993* sem kom út 1994, ári eftir að hann seldi Þjóðsögu til Odda. Árbókaútgáfan reyndist happadrjúg og var hún annar burðarásinn í útgáfustarfsemi Þjóðsögu; hinn var *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* Jóns Árnasonar.

Undir lok sjötta áratugarins sótti að Hafsteini löngun til að verða sinn eigin herra hvað starfsvettvang áhrærði. Hann hafði lagt sig hart fram um velgengni Hóla í nær tvo áratugi og séð um daglegan rekstur fyrirtækisins, fjármál og gæði



Árið 1966. Hönnun Hafsteins var tekin upp fyrir fjölþjóðlega útgáfu bókarinnar.



Baldur Eyþórsson afhendir Hafsteini viðurkenningu frá Félagi íslenskra prentsmiðjueigenda á fimmtugsafmæli hans.

framleiðslunnar, og prentsmiðjan naut vegs og virðingar. Vinnudagurinn hafði því oftast verið langur. Ekki var óal-gengt að eftir fullan vinnudag í prentsmiðjunni sæti hann við að hanna verkefni næsta dags og næstu daga langt fram á morgun. Eftir stuttan svefn mætti hann í vinnu klukk-an átta daginn eftir. Helgar voru einnig nýttar til að drífa það áfram sem ekki vannst tími til þegar prentsmiðjan var í gangi. Helstu hönnunarverkefni á þessum árum voru útgáfur Máls og menningar og Heimskringlu, heilmikill fjöldi bóka sem voru sérhannaðar að einhverju eða öllu leyti. En einn-ig teiknaði hann upp ótal aðrar bækur og smærri verk. Má ýkjulaust segja að nærri allir prentgripir sem hafi komið frá Hólum á þessum árum hafi farið um hendur Hafsteins ein-hvern tíma á framleiðsluferlinu. Á þeim árum þótti hönnun-in sjálfsgæður hluti af prentuninni og því ekki við hæfi að telja það til sérstaks kostnaðar eða skrifa fyrir því reikninga.

Það fór ekki hjá því að þessi mikla vinna tæki toll af heilsu Hafsteins. Hann gekkst undir magaskurðaðgerð 1959, sem ekki var beint fínlegt læknisverk á þeim tíma, og fékk lungnabólgu upp úr aðgerðinni. Líf hans hékk á bláþræði í nokkra daga. Upp úr langri legu fékk hann svo blóðtappa í fótinn. Hann átti allnokkurn tíma í eftirköstum þessara veikinda en kom sér fljótt til vinnu aftur þótt þrekið væri skert.

Rekstur Þjóðsögu var farsæll og skilaði dálitlum arði. Hafsteinn hafði átt smáhlut í Hólum frá upphafi. Hann seldi part af hlutum þegar hann byggði sér íbúðarhús á árunum 1957–58 og flutti í húsið með fjölskylduna haustið 1958. Eftir það þótti honum fara að gæta nokkurrar tortryggni í sinn garð frá stjórn Hóla. Stjórnin lét bókhaldara hefja dagleg störf innan fyrirtækisins. Hafsteini fannst bókhaldarinn ekki vera annað en sérstakur eftirlitsaðili með störfum sínum. Það særði stolt hans að sæta eftirliti, honum fannst að sér vegið og varð þessi breytni til þess að hann einsetti sér að verða alveg sjálfstæður. Nokkrum árum síðar fannst honum hann vera þess umkominn að geta séð fjölskyldunni farborða án stöðu sinnar í Hólum. Um áramótin 1965–66 sagði hann skilið við sitt kæra fyrirtæki eftir að hafa byggt það upp og starfað við í rúm 23 ár.

Þann 24. febrúar 1966 var Hafsteini og Helgu konu hans haldið kveðjusamsæti á Hótel Sögu. Voru Hafsteini fluttar þar margar þakkarræður og borið lof á störf hans. Eina ræðuna flutti formaður starfsmannafélags Hóla, Magnús Þor-björnsson, og var hún prentuð í félagsblaði starfsmanna fyrirtækisins, *Depli* (6.

árgangi, 1. tbl., mars 1966). Í ræðunni segir m.a.: „Fundum okkar Hafsteins bar fyrst saman sumarið 1942 eða nokkru áður en fyrirtækið hóf starfsemi sína. Um haustið sama ár komst ég svo í nám hjá honum og starfaði undir handleiðslu hans fram að þessum tímamótum. Ég held ég hefði ekki getað kosið mér betri yfirmann og lærimeistara en hann hefur verið þessi ár, og svo hygg ég að fleiri vildu mæla. Fyrirtækið hóf starfsemi sína í lágrestum og þröngum kofa við Óðinsgötu, en nú þegar hann skilur við það, hefur það verið í myndarlegum húsa- kynnum í nærri 20 ár sem það á orðið skuldlítið. Velgengi þess má að mestu skrifa á reikning Hafsteins, sem hefur staðið þar við stýri frá upphafi. Prentsmiðjan hefur notið, öðrum hliðstæðum fyrirtækjum fremur, meira áhlits fyrir vandaða og smekklega vinnu, og má það einnig skrifast á reikning Hafsteins.“

Á fyrri hluta sjöunda áratugarins voru helstu hönnunarverkefni Hafsteins sem áður fyrir Heimskringlu og Mál og menningu, t.d. ljóðabókaflokkurinn sem hóf útkomu upp úr 1960 og svo bókaflokkur í tilefni 25 ára afmælis Máls og menningar 1962, 12 bindi sem gefin voru út með tvenns konar frágangi. Fálkinn hóf útgáfu hljómplatna á sjötta áratugnum og náði sú starfsemi hámarki á þeim sjöunda. Á plötunum eru hljóðrit af flutningi íslenskra tónlistarmanna á bæði innlendri og erlendri tónlist, en einnig upplestur skálda og ræðumanna og flutningur leikrita. Hafsteinn hannaði umslög fyrir þessar útgáfur sem láta nærri fimm tugum. Eftir að hann hætti hjá Hólum teiknaði hann enn upp útlit bóka fyrir Mál og menningu en önnur útgáfufyrirtæki tóku að sækja til hans í auknum mæli. Mest vann hann fyrir Almenna bókafélagið, t.d. flokkana *Íslensk þjóðfræði*, *Bókasafn AB – Íslenskar bókmenntir* og ljóðabækur Matthíasar Johannessens. Einnig vann hann mikið fyrir Hið íslenska bókmenntafélag, t.d. *Lærdómsritin* (1970-) og *Skírni*.


Um mitt árið 1965 lét Hafsteinn hefja framkvæmdir við byggingu iðnaðarhúsnæðis í landi Bygggarða á Seltjarnarnesi. Þar áformaði hann að hafa nýtt prentverk og hafði stofnað til þess hlutafélag, Skarð, með fáeinum litlum hluthöfum, en var í raun að mestu fjárhagslegur bakhjarl þess sjálfur. Húsið reis á tæpum tveimur árum og starfsemi hófst sumardaginn fyrsta 1967 undir nafninu Prentshús Hafsteins Guðmundssonar. Prentshúsið var að miklu leyti reist fyrir lánsfé. Því var þungur róður að byggja húsið og enn þyngrri að kaupa í það vélarnar. Starfsemin fór rólega af stað en var komin á nokkuð gott skrið einu og hálfu ári eftir að hún hófst. Aldrei skorti verkefni og Prentshús Hafsteins hafði marga góða viðskiptavini. Má nefna sérstaklega Hið íslenska bókmenntafélag, sem var einnig með afgreiðslu á vegum Prentshússins í nokkur ár, Hið íslenska biblíufélag, sem Hafsteinn hannaði mikið fyrir og Stofnun Árna Magnússonar,



Einar Kristjánsson, *Draumalandið*, 1963. Plötuumslag eftir Hafstein.



Einar Ólafur Sveinsson, *Höfundur les úr verkum sínum*, 1969. Plötuumslag eftir Hafstein.




Lýðveldishátíðin 1944 – Alþingishátíðin 1930. Ræður og ljóð, 1964. Plötuumslag eftir Hafstein.

tímabili fyrr á öldinni undir heitinu *Rauðskinna* (1929-61), en við hana var mikið aukið í nýju útgáfunni. Árið 1968 byrjaði hann á flokki íslenskra skáldsagna úr samtímanum sem kom út undir nafni Skarðs. Sögurnar áttu að verða tíu en af fjárhagsástæðum komu aðeins út tvær sögur í þeim flokki. Að Prenthestímanum loknum hélt hann áfram þeirri hugsjón sinni að gefa út þjóðsögur og þjóðleg fræði. *Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar*, fjögur bindi, komu út á árunum 1978–80 og sá Bjarni Vilhjálmsson um útgáfuna. *Þjóðsögur Sigfúsar Sigfússonar*, ellefu bindi, byrjuðu að koma út 1982 og lauk þeirri útgáfu ekki fyrr en ellefu árum síðar. Óskar Halldórsson bjó fyrstu fjögur bindin til prentunar og Grímur M. Helgason hið fimmta. Grímur og sonur hans Helgi bjuggu saman til prentunar sjötta til tíunda bindið en ellefta og síðasta bindið var í ritstjórn Helga. Þessi þjóðsagnasöfn voru gefin út með svipuðu sniði og hin fyrri og mikið lagt í að þau væru sem best úr gærð gerð. Tóku þau því langan tíma í útgáfu.

Þjóðsaga gaf út fjölda annarra bóka af ýmsum toga á áttunda og níunda áratugnum. Útgáfan keypti gamlan lager af Bókaútgáfu Guðjóns Ó og útgáfu-rétturinn að átta binda *Ritsafni Jóns Trausta* var þar með talinn. Ritsafnið var endurútfengið 1977 og var því vel tekið af kaupendum. Þá komu út bækur með málverkum Þorvaldar Skúlasonar (1983) og Kristínar Jónsdóttur (1987) sem stóðu útgefandanum nærri hjarta.

Hafsteinn hannaði alla tíð þær bækur sem hann gaf út sjálfur. Á Prenthestímanum fór hann líkt að og áður með vinnu fyrir aðra; hann gaf yfirleitt nákvæm fyrirmæli hvernig útliti bóka og prentgripa skyldi háttað, oft með teikningu, og hann yfirfór alla framleiðsluna. Að Prenthestinu seldu hafði hann ekki lengur prentverk til umráða, en samt sem áður leituðu ýmsir til hans um hönnun og ráðgjöf, til að mynda forlög in Ljóðhús, Hagall, Skuggsjá og Almenna bókafélagið.

Upp úr 1980 hafði Þjóðsaga þægilegan byr og Hafsteinn fylltist mikilli bjartsýni á að hann gæti látið rætast gamlan draum sinn um útgáfu á yfirgripsmiklu verki í nokkrum bindum um íslenska menningu og þjóðhætti. Hann kynnti hugmynd sína fyrir hópi valinkunnra fræðimanna snemma árs 1982 og tóku þeir henni vel. Fljótlega var skipuð ritnefnd og áttu sæti í henni Haraldur Ólafsson, Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þór Magnússon. Þá um vorið var þegar hafist handa við undirbúning að *Íslenskri þjóðmenningu*, lagðar línur um hugsanlega skipan efnis og samband haft við þá mörgu fræðimenn sem gætu lagt verkinu til ráðleggingar og ritgerðir. Fyrsta spölinn voru aðstandendur útgáfunnar vongóðir um að hægt væri að koma ritsafninu út á fimm árum. Vegna ýmissa ófyrirséðra tafa kom fyrsta bindið þó ekki út fyrr en fimm árum síðar, 1987. Ári áður hafði verið ráðinn rit-



Hafsteinn á áttunda áratugnum með *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri Jóns Árnasonar*.



Ungur útivistarmaður.

stjóri og útgáfustjóri ritraðarinnar, Frosti F. Jóhannsson, sem kom nýju heildarskipulagi á hana og dreif verkefnið áfram. Af tíu bindum sem fyrirhuguð voru auðnaðist ekki að koma út nema fjórum, einu á ári þar til 1990; var þó efni sem næst fullbúið í nokkur bindi til viðbótar. Allur kostnaður við ritröð þessa varð Þjóðsögu ofviða. Ýmsir styrkir fengust til verkefnisins en þeir voru lágir miðað við útgjöldin. Bindin seldust einnig mun minna en vonir stóðu til og því varð Þjóðsaga mjög skuldug.

Næstu ár reyndi Hafsteinn að vinna sig út úr skuldunum og leita laga til að halda áfram með þjóðmenningarflokkinn, en allt kom fyrir ekki. Má vera að samdráttur í efnahagslífi þjóðarinnar á þessum árum hafi átt sinn þátt í aðdrifum *Íslenskrar þjóðmenningar*. Ekki bætti úr skák að heilsu Hafsteins tók að hraka. Skuldir Þjóðsögu voru mestar við Prentsmiðjuna Odda. Hafsteinn hafði átt mjög gott samstarf og viðskipti við forstjóra Odda, fyrst góð- og æskuvinnu sinn, Baldur Eyrþórsson, og er þarna var komið son hans Þorgeir. Honum hafði verið sýndur mikill skilningur og hjálpsami af hálfu Odda um langt árabil. Á þessum tíma var óhægt að selja eignir á sanngjörnu verði. Samþykki Odda um mitt ár 1993, að taka Þjóðsögu og hæðina í Þingholtsstræti til þess að ljúka skuldunum, voru því afar farsæl málalok og öllum léttir. Hafsteinn hélt *Árbókinni* eftir þar til hún var seld útgáfunni Fróða u.þ.b. ári síðar.

Í febrúar 1994 fékk Hafsteinn nokkuð slæmt heilablóðfall. Hann hafði áður fengið minni heilablæðingar sem höfðu gengið að mestu til baka. Eftir þetta áfall var bataferlið mun lengra og hann flæktist á milli sjúkrastofnana í marga mánuði og endaði á hjúkrunarheimilinu Eir. Hann var þó ekki alveg af baki dottinn því að þaðan útskrifaðist hann eftir stutta dvöl og komst aftur þangað sem hann undi sér best, heim til Helgu sinnar. Síðasta árið sem hann lifði var hann á Droplaugarstöðum og lést þar 1. september 1999.



Hafsteinn og Helga á Þingvöllum í ágúst 1999.

Hafsteinn var mjög félagslyndur að eðlisfari og hafði gaman af samræðum. Hann hafði ekki síður gaman af því að hlusta á aðra en tala sjálfur. Mesta ánægju hafði hann af að tala um málefni, miklu síður um menn. Honum lá vel orð til annarra, og um þá sem honum þótti hann standa í þakkarskuld við, sem voru ófáir, talaði hann ávallt mjög fallega. Og þótt hann stæði í viðskiptum mestan hluta starfsævi sinnar talaði hann aldrei um fjármál eða peninga heima hjá sér; hafði hann þó af þeim þungar áhyggjur a.m.k. á tveimur tímabilum. Fjölbreytni áhugamála Hafsteins kemur vel fram í þeim mörgu og ólíku félögum sem hann gaf sig að. Hann var jafnan mjög virkur þátttakandi og sat oftast en ekki í stjórnnum um lengri eða skemmri tíma. Í æsku og sem ungfyllorðinn var

Hafsteinn skáti og stundaði útivist, gönguferðir, útilegur og skíði. Eftir að námi lauk tóku við störf í þágu stéttarinnar, kennsla og stjórnarseta í Félagi íslenskra prentsmiðjueigenda. Á sjötta áratugnum gekk hann í Oddfellow-hreyfinguna þar sem hann starfaði meðan kraftar entust. Á svipuðum tíma gekk hann í Svifflugfélagið og byrjaði að læra að fljúga. Ekki var það vel séð heima fyrir og lauk hann því ekki svifflugnáminu. En hann náði að sá fræi í melinn á Sandskeiðinu og breyta honum í mun betri flugvöll en verið hafði. Fyrir það var hann gerður að heiðursfélaga í Svifflugfélaginu 1971. Hafsteinn var alla tíð áhugamaður um flug og starfaði um tíma í Flugmálafélagi Íslands. Á sjötta, sjöunda og áttunda áratugnum kom hann víða við og má nefna: Náttúrulækningafélag Íslands, Kiwanis-hreyfinguna, Guðspekifélagið, Æðarræktarfélagið og Velunnarafélag Borgarspítalans. En þrátt fyrir langt líf og ýmiss konar áhrif á löngum ferli var Hafsteinn alltaf sveitadrengur sem hafði gaman af að hugsa um hvað hann gæti sett í jarðveginn í garðinum sínum til að gera hann frjósamari og tók ósjaldan með sér *Búnadarritið* í háttinn á kvöldin. Eins og svo margir af nálægum kynslóðum fannst honum að allt starf ætti að miða að því að gera lífið betra fyrir þjóðina, og til þess þyrfti að varðveita tunguna, menninguna og landið.



Úti í garði á Lindarbrautinni.



Fjölskyldan í janúar 1985. Fremst sitja Helga og Hafsteinn. Fyrir aftan þau f.v. Helga, Gunnar Kvaran, Guðrún, Guðmundur og Dröfn.



Síða úr útgáfunni *Prentlistin fimm hundruð ára*, teiknuð og handlituð af Hafsteini 1940.



Húsakostur og hibýlaprýði, 1939. Bókarkápa eftir Hafstein.

Þorsteinn Þorsteinsson

Í minningu bókagerðarmanns

minningarorð um Hafstein Guðmundsson rituð í september 1999

„Fagurt útlit bókar ræðst af mörgum þáttum: góðum pappír sem er þægilegur fyrir augað, fallegu og auðlæsilegu lettri, þokkafullri leturbeitingu, nákvæmri prentun, vönduðu bandi sem staðið getur í stofu; en mestu skiptir þó að göfug hlutföll séu í broti bókarinnar, leturfleti og spássíum.“

Jan Tschichold

Fyrir allmörgum árum, þegar ég las ofangreind orð eins mesta áhrifamanns um bókagerð á þessari öld, varð mér ósjálfrátt hugsað til þess Íslendinga sem að flestra dómi hefur gert bækur af hvað mestu listfengi á liðnum áratugum, en það er Hafsteinn Guðmundsson prentsmiðjustjóri.


Hafsteinn fæddist í Vestmannaeyjum 7. apríl 1912 og hóf prentnám 14 ára gamall. Þremur árum síðar réðst hann til Ísafoldarprentsmiðju og lauk þar námi hjá Gunnari Einarssyni. Fljótt bar á listrænum hæfileikum hans og árið 1940, meðan hann var sveinn hjá Ísafold, vann hann verk sem einstætt er í íslenskri bóksögu — og þótt víðar væri leitað — þegar hann lýsti bókina *Prentlistin fimm hundruð ára*, alls 135 eintök og engin tvö alveg eins. Með hverjum bókarkafli voru upphafsstafir og teikningar eftir Hafstein sem hann svo handmálaði; vissulega harla óvenjuleg sveinsvinna. Sumarið áður hafði hann farið til Kaupmannahafnar og hugðist stunda þar nám og störf um hríð, en úr því varð minna en skyldi vegna stríðsins sem skall á um haustið. Þó taldi hann jafnan að dvölin þar hefði orðið sér til mikils happs og hann hafi búið að því lengi sem hann lærði þá.

Prentsmiðjan Hólar var stofnuð 1942 og stýrði Hafsteinn henni frá upphafi og til ársloka 1965. Aðalverkefni hans þar var að hanna og prenta útgáfubækur Heimskringlu og Máls og menningar. Slík útgáfa bóka í allstóru upplagi, bóka sem skyldu vera ódýrar en þó vandaðar að öllum frágangi, var nýjung hér á landi. Stærsta verkefni Hafsteins hjá Hólum var afmælisbókaflokkur Máls og menningar 1962, alls tólf bækur sem allar voru gefnar út í tvennskona útgáfu. Margar eftirminnilegar bækur eru í þeim flokki, ekki síst *Tvær kvíður fornar* þar sem það verkefni er leyst með miklum ágætum að fella saman vísur og viðamiklar skýringar.

Árið 1966 lét Hafsteinn af stjórn Hóla og stofnaði eigið prentverk, Prenthús Hafsteins Guðmundssonar. Eitthvað mun hann þó hafa hannað áfram fyrir

Mál og menningu og Heimskringlu, en auk þess vann hann í vaxandi mæli fyrir önnur forlög. Meðal þess sem hann hannaði fyrir Almenna bókafélagið má nefna fyrstu bækurnar í flokknum *Íslensk þjóðfræði* (*Kvæði og dansleiki* og *Íslenska málshætti*) og flokk níu bóka sem nefndur var *Bókasafn AB – Íslenskar bókmenn-ir*, en fyrir Hið íslenska bókmenn tafélag hannaði hann *Lærdómsritin* sem hófu að koma út 1970. Lærdómsritin eru gott dæmi um bækur í smáu broti sem Hafsteinn hefur hannað af mikilli list. Annað dæmi er ljóðabókaflokkur sá sem út kom hjá Heimskringlu uppúr 1960 (*Milljónaævintýrið*, *Endurtekin orð* o.fl.). Og ekki má gleyma þeim búningi sem hann bjó *Sögum og kvæðum* Jónasar Hallgrímssonar og *Ljóðmælum* Gríms Thomsens, en báðar þær bækur stungu mjög í stúf við ríkjandi hugmyndir um viðhafnarútgáfur er þjóðskáldum væru samsandi. *Íslenskir þjóðhættir*, sem komu út 1934, voru fyrsta bókin sem Hafsteinn Guðmundsson setti að öllu leyti, þá sveinn hjá Ísafold. Það var vel til fundið, því auk bókagerðarinnar var íslensk tunga og íslensk þjóðmenning ætíð helsta hugðarefni hans. Árið 1954 stofnaði hann ásamt fleirum bókaútgáfuna Þjóðsögu og eignaðist hana síðan einn nokkrum árum síðar. Fyrsta verk Þjóðsögu var endurskoðuð og stóraukin útgáfa *Þjóðsagna Jóns Árnasonar*. Á eftir komu þjóðsagnasöfn Sigurðar Nordals og Þórbergs Þórðarsonar, Jóns Thorarensens, Ólafs Davíðssonar, Þorsteins M. Jónssonar, og Sigfúsar Sigfússonar. Allar eru þær bækur líkar að frágangi, afar vandaðar, og um leið einfaldar og auðlæsilegar. Svo er einnig um *Þjóðsögur Jóns Árnasonar* sem þó hafa óvenju breiðan leturfloöt og eru settar smáu Bodoni-lettri; leturfóturinn er hinsvegar mjög ríflægur og sátrið því aðgengilegt. Reyndar er sú útgáfa öll glæsilegt dæmi um góða hönnun á safnríti. Síðasta stórvirkið sem Þjóðsaga réðst í var safnrítið *Íslensk þjóðmenning*, sem einsog nafnið bendir til átti að fjalla um íslenska menningu að fornu og nýju. Fjögur bindi komu út, öll samin af sérfræðingum í sínum greinum, ágætlega unnin og mjög vönduð að öllum frágangi, en útgáfan reyndist of kostnaðarsöm fyrir einkafyrirtæki og hætta varð útgáfunni í miðjum klíðum. Hér er ekki ráðrúm til að minnast á nema lítið brot þeirra bóka sem Hafsteinn hannaði. Athyglisverðar bækur sem nefna mætti til viðbótar þeim sem að ofan er getið eru tilaðmynda *Vídalínspostilla* (1945), *Fornir dansar* (1946), *Íslenska teiknibókin í Árnasafni* (1954), *Rit Helga Pjeturss* (1955), *Leikrit Shakespeares* (1956-75 og aftur 1982-91), *Skáldkonur fyrri alda* (1961-63), *Rit Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi* (1972-), *Ritverk Sigurðar Nordals* (1986-96).


Hvað var það sem gerði Hafstein að þeim merka bókahönnuði sem hann var? Það var umfram allt sú rækt sem hann lagði við heildina, alla þætti bókarinnar: letrið, pappírinn, bandið, hlutföllin; hann uppfyllti að því leyti kröfur Tschicholds



Gríma hin nýja I-V. Þorsteinn M. Jónsson gaf út, 1964-1965. Bókarkápa eftir Hafstein.



Rauðskinnna hin nýrri I-III. Jón Thorarensen tók saman, 1971. Bókarkápa eftir Hafstein.



Kristinn E. Andrésson, *Eyjan hvíta*, 1951. Hafsteinn sá alfarið um hönnun þessarar bókar, kápuna einnig.



Gráskinna hin meiri I-II. Útgefendur Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson, 1962. Bókarkápa eftir Hafstein.

í tilvitnuninni hér að framan. Engum vafa er bundið að Hafsteinn hefur að upp-
lagi verið gæddur óvenju ríkri formskynjun og góðri smekkvísi. En miklu máli
hefur auk þess skipt að hann hélt alltaf áfram að mennta sig í grein sinni og fylgd-
ist vel með því sem var að gerast erlendis. Til að styrkja formskyn sitt sótti hann
tíma hjá listmálurunum Finni Jónssyni, Jóhanni Briem og Þorvaldi Skúlasyni.
Einkum kvaðst hann hafa lært mikið af Þorvaldi, sem var að glíma við að ýmsu
leyti svipuð vandamál og hann sjálfur, því prentlistin er flatarlist. Eftilvill var
leturbeitingin sterkasta hlið Hafsteins. Benda má á kunnáttusamlega notkun
hans á hásteflingum og fjölbreytni í millifyrirsögnum; þá er áberandi hversu
næmt auga hann hefur fyrir stærð leturs og bilum með fyrirsögnum og fyrir
öðrum hlutföllum milli hvíts og svarts. Í leturvali og uppsetningu aðhylltist Haf-
steinn yfirleitt klassískar lausnir: notaði nær alltaf klassískar leturgerðir (einkum
Garamond, Baskerville og Bodoni) og átti það til að grípa til bókaskrauts; og
samhverf uppsetning – skipulagning út frá miðju – var yfirgnæfandi á titilsíðum
en þó enganveginn einráð. Tilaðmynda var meirihluti titilsíðna í afmælisbóka-
flokknun 1962 ósamhverfur.

Starfsævi Hafsteins var löng og hann skildi eftir sig afar fjölbreytilegt verk. Ef-
tilvill mætti tala um þrjú aðalskeið á ferli hans, og helstu dæmi hvers skeiðs um
sig væru þá: 1) bókaflokkarnir sem hann hannaði á 6. áratugnum fyrir Mál og
menningu, 2) afmælisbókaflokkurinn 1962 og ýmsar bækur í líkum stíl um svipað
leyti, 3) þjóðsagnasöfnin á 8. áratugnum. En í húsi því sem Hafsteinn byggði eru
margar vistarverur og því fer fjarri að þessir þrír flokkar rúmi bókagerð hans alla;
fyrir utan standa tilaðmynda smábrotsbækurnar sem ég gat um að framan og
eru að mínum dómi með því besta sem Hafsteinn gerði. Þegar ég spurði Hafstein
einu sinni hvaða þátt hann teldi mikilvægastan við frágang bókar svaraði hann á
þessa leið: „Læsileikinn er mikilvægastur. Það má aldrei gleymast að bækur eru
til þess gerðar að vera lesnar. Það þarf að vera þægilegt að lesa bók og þægilegt
að halda á henni. Pappírinn skiptir ákaflega miklu máli. Hann á ekki að vera
skjannahvítur og hann má ekki vera of þungur, annars er óþægilegt og jafnvel
ógerningur að lesa bókina uppí rúmi. Þyngdin þarf að vera í samræmi við efnis-
magn bókarinnar.“

Hafsteinn var enn að hanna bækur framyfir áttætt. „Ég hef ekki orðið var við að
formskynið hjá mér hafi laskast með árunum, nema síður sé,“ sagði hann við mig
um það leyti. Í febrúar 1994 fékk Hafsteinn svo heilablóðfall og bækurnar urðu
ekki fleiri. En þeir sem vilja kynna sér gott handbragð og listfengi í bókahönnun
geta áfram leitað í smiðju hans. Þar er margt að læra.

Drög að skrá yfir útgáfur tengdar Hafsteini Guðmundssyni

Bókaflokkar sem Hafsteinn gaf út og hannaði að öllu leyti


- Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri I-VI.* Jón Árnason safnaði. Þjóðsaga, 1954-1961. (Upphaflega í tvenns konar leðurbandi, síðar bundið í leðurlíki).
- Gráskinna hin meiri I-II.* Útgefendur Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson. Þjóðsaga, 1962. (Upphaflega leðurband, síðar leðurlíki, einnig gefið út í sérprenti á sérstakan pappír í sérstöku handgerðu leðurbandi nálægt upphaflegri útgáfu).
- Gríma hin nýja I-V.* Þorsteinn M Jónsson gaf út. Þjóðsaga, 1964-1965. (Upphaflega leðurband, síðar leðurlíki, sennilega einnig sérprent).
- Rauðskinna hin nýrri I-III.* Jón Thorarensen ritaði og tók saman. Þjóðsaga, 1971. (Fyrst gefið út í leðurbandi, einnig sérprent í sérbandi, síðar leðurlíki).
- Íslenskar Þjóðsögur I-IV.* Ólafur Davíðsson safnaði; Þorsteinn M. Jónsson bjó til prentunar; Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Þjóðsaga, 1978.
- Íslenskar Þjóðsögur og sagnir I-XI.* Sigfús Sigfússon safnaði. Óskar Halldórs-son bjó fyrstu fjögur bindin til prentunar og Grímur M. Helgason hið fimmta. Grímur og Helgi Grímsson bjuggu til prentunar sjötta til tíunda bindið og Helgi það ellefta og síðasta. Þjóðsaga, 1982-93.
- Íslensk Þjóðmenning.* Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Ritnefnd Haraldur Ólafsson, Jón Hnefill Aðalsteinsson, Þór Magnússon. I. *Uppruni og umhverfi*, 1987; V. *Trúarhættir – norræn trú, kristni, Þjóðtrú*, 1988; VI. *Munnmenntir og bókmenn-ing*, 1989; VII. *Alþýðuvísindi – raunvísindi og dulfræði*, 1990. Þjóðsaga, 1987-90.

Aðrar bækur sem Hafsteinn gaf út og hannaði að öllu leyti

- Jón Skagan, *Sú eik er lengst er styrkust stóð.* Bláfellsútgáfan, 1960.
- Hermann Pálsson, *Hrafinkelssaga og Freysgyðlingar.* Þjóðsaga, 1962.
- Guðmundur Böðvarsson, *Saltkorn í mold I-II.* Bláfellsútgáfan 1962 og 1965.
- Skálda* – afmælisdagabók. Jóhannes úr Kötlum tók saman. Bláfellsútgáfan, 1963.
- Steindór Steindórsson frá Hlöðum, *Skrár um íslenskar Þjóðsögur og skyld rit.* Þjóðsaga, 1964. (Einnig gefið út í sérprenti á sérstakan pappír og í sérbandi, tölusettu eins og alltaf þegar um sérband var að ræða).
- Ake Cernelid, *Maðurinn við stýrið.* Hafsteinn Guðmundsson, 1964.
- Einar H. Einarsson, *Hrímbogar og hafstórir.* Þjóðsaga, 1966.
- Þáttur Þorsteins Ásgrímssonar Tjaldstæðings.* Finnbogi Guðmundsson bjó til prentunar. Skarð, 1968.
- Gunnar Dal, *Orðstír og auður,* Skarð, 1968.



Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri I, 1954. Bókarkápa eftir Hafstein.



Íslensk Þjóðmenning. I. Uppruni og umhverfi, 1987. Bókarkápa eftir Hafstein.

Sigurður Línadal um Hafstein:

„Um það munu menn almennt sammála að Hafsteinn hafi verið fremsti bókagerðarmaður á Íslandi á þessari öld. Allt sem hann gerði á því sviði, hvort heldur laut að leturvali, prenthönnun og bókbandi, mótaðist af sérstakri siðfágun og menningu.“



Stórviðburðir líðandi stundar í myndum og máli – Árið 1966. Bókarkápa eftir Hafstein.

Gréta Sigfúsdóttir, *Í skugga jarðar*. Skarð, 1969.

Kristmann Guðmundsson, *Smiðurinn mikli*. Skarð, 1969.

Snæbjörn Jónsson, *Orð af ystu nöf*. Prentús Hafsteins Guðmundssonar, 1969.

Þeir segja margt í sendibréfum. Finnur Sigmundsson tók saman. Þjóðsaga, 1970.

Sigurður Nordal, *Síra Magnús Grímsson og Þjóðsögurnar*. Þjóðsaga, 1971.

Kristinn E. Andrússon, *Ný augu*. Þjóðsaga, 1973.

Snæbjörn Jónsson, *Sólsetursljóð*. Prentús Hafsteins Guðmundssonar, 1973.

Benjamin Spock/Bjarni Bjarnason, *Bókin um barnið*. Skarð, 1973 / Þjóðsaga 1978.

Jónatan Jónsson, *Dvergaskip*. Hafsteinn Guðmundsson, 1975.

Snæbjörn Jónsson, *Haugfje*. Þjóðsaga, 1976.

Þorsteinn Valdemarsson, *Meistarinn og leitin – Krishnamurti og Venkatesananda talast við*. Þjóðsaga, 1976.

Mary Lutyens, *Dögunin*. Þjóðsaga, 1977.

Baldur Pálmason, *Hrafninn flýgur um aftaninn*. Þjóðsaga, 1977. (Hafsteinn myndskreytti).

Baldur Pálmason, *Björt mey og hrein*. Þjóðsaga, 1979. (Hafsteinn myndskreytti).

Þórður Tómasson, *Vedurfræði Eyfellinga*. Þjóðsaga, 1979.

Jón Trausti [Guðmundur Magnússon], *Ritsafn I-VIII*. Þjóðsaga, 1980.

Swami Vivekananda/JónThoroddsen/Þórbergur Þórðarson, *Starfsrækt*. Þjóðsaga, 1980.

Jakob Ásgeirsson, *Hinn sæli morgunn*. Þjóðsaga, 1981.

Kristinn Reyur Pétursson, *Vogsósaglettur*. Þjóðsaga, 1981.

Sigurður Pálsson, *Saga og efni messunnar*. Þjóðsaga, 1981.

Matthías Johannessen, *Nítján smáþættir*. Þjóðsaga, 1981.

Matthías Johannessen, *Félagi orð*. Þjóðsaga, 1982.

Guðrún P. Helgadóttir, *Hratt flýgur stund*. Þjóðsaga, 1982.

Björn Th. Björnsson, *Þorvaldur Skúlason – Brautryðjandi íslenzkrar samtímalistar*. Þjóðsaga, 1983.

Charles Francis Potter/Árelíus Níelsson/Gísli Ólafsson, *Árin þöglu í ævi Jesú*. Þjóðsaga, 1984.

Albert E. Kahn/Grímhildur Bragadóttir, *Ljós og skuggar á langri leið – endurminningar Pablo Casals*. Þjóðsaga, 1986.

Aðalsteinn Ingólfsson, *Kristín Jónsdóttir – Listakona í gróandanum*. Þjóðsaga/Listaverkaútgáfan, 1987. (Ljósmyndun verka, Kristján Pétur Guðnason).

Bjarni Vilhjálmsson, *Orð eins og forðum*. Þjóðsaga, 1985.

Eiríkur Laxdal, *Saga Ólafs Þórhallasonar*. Þjóðsaga, 1987.

Niðjatal Hallgríms Péturssonar I-II. Þjóðsaga, 1989.

Útgáfa á vegum Hólaprents

- Gullregn* – flokkur ljóðakvera eftir ýmis ljóðskáld. (Hugmynd og hönnun Hafsteins).
Gullregn úr ljóðum Bjarna Thorarensen, 1955.
Gullregn úr ljóðum Jónasar Hallgrímssonar, 1956.
Gullregn úr ljóðum Gríms Thomsen, 1957.
Gullregn úr ljóðum Bólu-Hjálmars, 1958.
Gullregn úr ljóðum Sigurðar Breiðfjörð, 1959.
Gullregn úr ljóðum Benedikts Gröndals, 1960.
Gullregn úr ljóðum Páls Ólafssonar, 1961.
Gullregn úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar, 1962.
Gullregn úr ljóðum Þorsteins Erlingssonar, 1963.
Gullregn úr ljóðum Einar Benediktssonar, 1964.
Gullregn úr ljóðum Benedikts Gröndals eldra, 1965.
Gullregn úr ljóðum Matthíasar Jochumssonar, 1966.
Gullregn úr ljóðum Stephans G. Stephanssonar, 1967.
Gullregn úr ljóðum Kristjáns Jónssonar, 1968.
Gullregn úr ljóðum Guðmundar Guðmundssonar, 1969.
Gullregn úr ljóðum Guðmundar Friðjónssonar, 1969.
Gullregn úr ljóðum Hannesar Hafstein, 1970.
Gullregn úr ljóðum Huldu, 1971.
Gullregn úr ljóðum Arnar Arnarsonar, 1972.
Gullregn úr ljóðum Hallgríms Péturssonar, 1974.
Gullregn úr ljóðum Fornólfs, 1975.

Aðrar bækur sem Hafsteinn gaf út og hafði umsjón með

- Litir og samræmi þeirra – undirstöðuatriði hagnýtrar litafræði handa prenturum.*
Útgefandi Hafsteinn Guðmundsson – Prentsmiðjan Hólar h.f., 1949. (Þýtt úr dönsku af Hallbirni Halldórssyni).
Stórviðburðir líðandi stundar í myndum og máli (28 bindi). Ritstjóri Gísli Ólafsson. Þjóðsaga, 1965-93. (Þýtt efni með íslenskum sérkafla, ein bók á ári 1965-1993. Hafsteinn hannaði íslenska kaflann í þessu verki og gerði sérkápu fyrir íslensku útgáfuna sem síðar var tekin upp af erlenda útgefandanum fyrir allar erlendu útgáfurnar, gefið út í mörgum löndum).
Sigrún Hrafnadóttir, *Húsmæðraskólinn á Hallormsstað 1930-1980*. Þjóðsaga, 1982. (Tvenns konar band, annað tölusett og handgert).
Jónas Hallgrímsson, *Ljóðmæli*. Þjóðsaga, 1984. (Ljósprentun af frumútgáfu).

Hafsteinn um Hóla:

„Ég var prentsmiðjustjóri í Hólum í 23 ár, og átti þar smáhlut í fyrstu, en seldi part af honum þegar ég byggði yfir mig íbúðarhúsið. Yfirleitt hannaði ég útlit á öllum bókum, sem þarna voru prentaðar og ekki aðeins bækurnar, heldur teiknaði ég munstur, sem prentað var á kápupappír. Ég lagði mikla vinnu í smáatriði svo sem ramma og þess var gætt, að hafa þetta alltaf sitt með hverju móti. Af þessu hafa sumir fengið þá hugmynd, að hér hafi verið um svokallaðar viðhafnarútgáfur að ræða, en svo var alls ekki. Aðeins vildi ég vanda allt sem ég kom nærri. En vitaskuld var þetta ekki hlutverk prentsmiðjustjórans og var reyndar vanmetið. Svo fór að ég kvaddi Hóla.“

Úr viðtali Gísla Sigurðssonar við Hafstein, fyrst birt í *Lesbók Morgunblaðsins* 22. ágúst 1992.



Teningum kastað eftir Kristinn Reyrr Pétursson, 1958. Bókarkápa eftir Hafstein.



Gunnar Benediktsson, *Snorri skáld í Reykholti*, 1957. Bókarkápa eftir Hafstein.

Bækur sem Hafsteinn hannaði fyrir ýmsa aðila

Jónas Jónasson frá Hrafnagili, *Íslenskir þjóðhættir*. Ísafoldarprentsmiðja, 1934. (Fyrsta bókin sem Hafsteinn Guðmundsson setti að öllu leyti, þá sveinn hjá Ísafoldarprentsmiðju).

Prentlistin fimm hundruð ára. Ýmsir höfundar. Handlýst af Hafsteini, prentað sem handrit. Gefin út sem handrit að tilhlutan Hins íslenska prentarafélags á kostnað Ísafoldarprentsmiðju h.f. 1940.

Vídalínspostilla. Páll Þorleifsson og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar. Bókaútgáfa Kristjáns Friðrikssonar, 1945.

Ólafur Briem, *Fornir dansar*. Jóhann Briem teiknaði myndir. Hafsteinn sá um bókband. Hlaðbúð, 1946.

Guðrún Borgfjörð, *Minningar*. Hlaðbúð, 1947. Myndskreytingar, millisíður.

Menn og minjar I-IX. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Leiftur, 1946-60. (Hafsteinn keypti lagerinn, hannaði band og lét binda inn á ný).

Afmæliskveðja til Ragnars Jónssonar. Ritstjóri Kristján Karlsson. Prentað sem handrit, 1954.

Grímur Thomsen, *Ljóðmæli*. Leiftur, 1954.

Björn Th. Björnsson, *Íslenskt gullsmíði*. Skartgripaverzlun Jóns Sigmundssonar, 1954. (Afmælisrit gefið út af Skartgripaverzlun Jóns Sigmundssonar við lok hálfriar aldar starfsemi 22. október 1954; Hafsteinn sá um útlit verksins að öllu leyti).

Rit Helga Pjeturss I-VII. Félag nýalssinna, 1955.

Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Sigfús Sigfússon safnaði. Víkingsútgáfan, 1922-58.

Landnámabók Björns Jónssonar frá Skarðsá (Skarðsárþókk). Jakob Benediktsson bjó til prentunar. Háskóli Íslands, 1958.

Kristinn Pétursson (Kristinn Reyrr), *Teningum kastað*. Keflavík, 1958.

Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda I-II*. Kvöldvökuútgáfan, 1961-1963.

Snæbjörn Jónsson, *Vörður og vinarkveðjur*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1963.

Íslensk þjóðfræði. Kvæði og dansleikir I-II. Jón Samsonarson tók saman. Almenna bókafélagið, 1964. (Hafsteinn hannaði fyrstu bækurnar í flokknum).

Einar Benediktsson, *Kvæði*. Bragi h.f., 1964. (500 tölusett og handbundin eintök).

Íslensk rit í frumgerð I-II. Landsbókasafn Íslands, 1967 og 1968. (Endurprent).

Íslensk rit í frumgerð III. Lithoprent, 1971.

Guðspjöllin í sérprenti. *Læknir segir sögu – Lúkasarguðspjall; Markús segir frá – Markúsarguðspjall; Matteus segir frá – Matteusarguðspjall*. Hið íslenska Biblíufélag, 1968-1974.

Jónas Kristjánsson, *Um Fóstbræðrasögu*. Stofnun Árna Magnússonar, 1972.

(Hafsteinn sá um hönnun þessarar bókar og útlit hennar var notað á öðrum ritum)

Árnastofnunar um árabíl).

Indriði G. Þorsteinsson, *Áfram veginn – sagan um Stefán Íslandi*. Bókaförlag Odds Björnssonar, 1975. (Hafsteinn sá um alla hönnun þessarar bókar).

Bókagerðarmenn frá upphafi prentlistar á Íslandi – bókbindarar, prentarar, offsetprentarar, prentmyndasmíðir. Bókbindarafélag Íslands, Hið íslenska prentarafélag, Grafíska sveinafélagið, 1976.

Þórbergur Þórðarson, *Ólíkar persónur*. Ljóðhús, 1976.

Þér veitist innsýn. Endurskoðað af Sri. Ramatherio. Rósakrossreglan á Íslandi, 1978.

Snorri Sturluson, *Heimskringla I-III*. Bjarni Aðalbjarnarson sá um útgáfuna. Hið íslenska fornritafélag, 1979. (Gefin út í tilefni 800 ára afmæli höfundar; 300 sölusett eintök).

Hallgrímur Einarsson / Haraldur Sigurgeirsson, *Akureyri 1895-1930*. Hagall, 1982.

Ólafur Kvaran, *Einar Jónsson*. Skuggsjá, 1982.

Skafti Guðjónsson/Guðjón Friðriksson, *Á tímum friðar og ófriðar 1924-1945*. Hagall, 1983.

Páll Líndal, *Reykjavík – höfuðborg og höfuðból í myndum og máli*. Hagall, 1986.

Æviskrár MA stúdenta 1927-1963, I-III. Ritstjóri Gunnlaugur Haraldsson. Steinholt, 1988-90. (Hafsteinn hannaði bandið).

Þórarinn Björnsson, *Rætur og vængir I-II*. MA-stúdentar, 1992.

Ritverk Sigurðar Nordals (1986-96). *Mannlýsingar I-III*, Almenna bókafélagið, 1986; *Fornar menntir I-III*, Almenna bókafélagið, 1993; *Samhengi og samtíð I-III*, Hið íslenska bókmenntafélag, 1996.

Kjörbækur Máls og menningar

Hafsteinn hannaði fyrir bókaútgáfuna Heimskringlu kjörbækur félagsmanna Máls og menningar. Ákvörðun meginmáls, titilsíðu, fyrirsagna og umbrots, saurblaða, klæðningar, kjalar og bands var alfarið í höndum Hafsteins. Í sem skemmstu máli þá réði hann útliði bókanna, yst sem innst. Bækurnar eru allar unnar í Prentsmiðjunni Hólum í Þingholtsstræti, en Hafsteinn var þá prentsmiðjustjóri þar.

Fyrsti kjörbókaflokkur Máls og menningar, 1952

1. Gísli Brynjólfsson, *Dagbók í Höfn*.
2. Gunnar Benediktsson, *Saga þín er saga vor*.
3. Jóhannes úr Kötlum, *Sóleyjarkvæði*, ljóðaflokkur.
4. Guðmundur Böðvarsson, *Kristallinn í hylnum*, ljóðabók.
5. Snorri Hjartarson, *Á Gnitaheiði*, ljóðabók.
6. Kristján Bender, *Undir Skuggabjörgum*.
7. Howard Fast / Gísli Ólafsson, *Klarkton*.

Hafsteinn um ritröðina *Íslensk þjóðmenning*:

„Ég hef veðsett allar eigur mínar, og í raun ráðizt í alltof mikið. Og til hvers? Ætli það sé ekki vegna þess að mér er umhugað um þessa tungu sem við tölum og vil leggja mitt af mörkum til varðveizlu hennar. Ég óttast að tungumál okkar, sem geymir menningararfleiddina, sé í hættu. Þessvegna geri ég þetta og af öllum mínum verkum þykir mér vænst um þetta og bækurnar hanna ég sjálfur. Nú er búið að vinna handrit að stærstum hluta heildarverksins – búið að semja við höfunda, en því miður hafa tímamörk ekki alltaf staðizt hjá þeim. Þessvegna varð 7. bindi að koma út á eftir því 1. og síðan hafa 5. og 6. bindi komið út. Mig hafði dreymt um að koma út einu bindi á ári, en það hefur ekki getað staðizt. Umfjöllun um bækurnar hefur verið lofsamleg, en salan hefur ekki orðið eftir því og það hefur valdið mér vonbrigðum. Samt held ég að verulegur áhugi sé á íslenskri þjóðmenningu og að hann fari ekki minnkandi.“

Úr viðtali Gísla Sigurðssonar við Hafstein, fyrst birt í *Lesbók Morgunblaðsins* 22. ágúst 1992.



8. Albert Camus / Jón Óskar, *Plágan*.
9. Karen Blixen / Gísli Ásmundsson, *Jörð í Afríku*.

Annar kjörbókaflokkur Máls og menningar, 1953

1. Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar*.
2. Björn Þorsteinsson, *Íslenska þjóðveldið*.
3. Agnar Þórðarson, *Ef sverð þitt er stutt*.
4. Eyjólfur Guðmundsson, *Hlíðarbræður*.
5. Helgi Hálfðanarson, *Handan um höf*. Ljóðapýðingar.
6. Hermann Pálsson, *Írskar fornsögur*.
7. Peter Cotes og Thelma Niklaus / Magnús Kjartansson, *Chaplin, ævi hans og starf*.
8. Pjotr Pavlenko / Geir Kristjánsson, *Lífið bíður*.
9. Konrad Z. Lorenz / Símon Jóh. Ágústsson, *Talað við dýrin*.

Priðji kjörbókaflokkur Máls og menningar, 1954

1. John Hunt / Magnús Kjartansson, Óli Hermannsson og Ásgeir Blöndal Magnússon, *Á hæsta tindi jarðar*.
2. Gunnar Benediktsson, *Ísland hefur jarl*.
3. Thor Vilhjálmsson, *Dagar mannsins*.
4. Jónas Árnason, *Fólk*.
5. Einar Olgeirsson, *Ættarsamfélag og ríkisvald í þjóðveldi Íslendinga*.
6. Pär Lagerkvist / Ólöf Nordal og Jónas Kristjánsson, *Barrabas*.
- 7.-8. Björn Th. Björnsson, *Íslenska teiknibókin í Árnasafni*.

Fjórdi kjörbókaflokkur Máls og menningar, 1955

1. *Sagan af Tristan og Ísól*. Joseph Bédier samdi eftir fornum kvæðum. Einar Ólafur Sveinsson íslenzkaði.
2. Jóhannes úr Kötlum, *Sjödæggra*. Ljóðabók.
3. Helgi Hálfðanarson, *Á hnótskógi*.
4. Kristján Bender, *Hinn fordæmdi*.
5. Matthías Jónasson, *Nýjar menntabrautir I*.
6. Boris Polevoj / Jóhannes úr Kötlum, *Saga af sönnum manni*.
7. Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar II*, fyrri hluti.
8. Edmund Hillary / Magnús Kjartansson, *Brött spor*.
9. Hannes Sigfússon, *Strandið*.
10. Björn Th. Björnsson, *Brotasilfur*.

Fimmti kjörbókaflokkur Máls og menningar, 1956

1. Jónas Árnason, *Sjór og menn*.

Útlit spjaldanna í kjörbókaflokki Máls og menningar var handverk Hafsteins ásamt öllu heildarútliti ritraðarinnar.

2. Halldór Stefánsson, *Sextán sögur*.
3. Jón Dan, *Þytur um nótt*.
4. Geir Kristjánsson, *Stofnunin*.
5. Björn Þorsteinsson, *Íslenska skattlandið I*.
6. K.S. Staníslavskí / Ásgeir Blöndal Magnússon, *Líf í listum I*.
7. K.S. Staníslavskí / Ásgeir Blöndal Magnússon, *Líf í listum II*.
8. Wilhelm H. Westphal / Edvarð Árnason, *Náttúrlegir hlutir*.
9. William Shakespeare / Helgi Hálfðanarson, *Leikrit I*.

Sjötti kjörbókaflokkur Máls og menningar, 1957

1. Jónas Árnason, *Veturnóttakyrur*.
2. Páll Bergþórsson, *Loftin blá*.
3. Þorsteinn Valdimarsson, *Heimhvörf*. Ljóð.
4. Rannveig Tómasdóttir, *Lönd í ljósaskiptum*.
5. Gunnar Benediktsson, *Snorri skáld í Reykholti – leikmaður kryfur kunnar heimildir*.
6. Lu Hsün (dulnefni f. Shu-jên Chou) / Halldór Stefánsson, *Mannabörn*.
7. A.S.Makarenkó / Jóhannes úr Kötlum, *Vegurinn til lífsins I*.
8. William Shakespeare / Helgi Hálfðanarson, *Leikrit II*.

Sjöundi kjörbókaflokkur Máls og menningar, 1958

1. Guðmundur Böðvarsson, *Dyr í vegginn*.
2. Hermann Pálsson, *Þjóðvísur og þýðingar*.
3. Ásgeir Hjartarson, *Tjaldid fellur*.
4. Óskar Aðalsteinn, *Kosningatöfrar*.
5. *Erlend nútímaljóð*. Einar Bragi og Jón Óskar völdu.
6. Kamala Markandaya / Einar Bragi Sigurðsson, *Á ódáinsakri*.
7. A.S.Makarenkó / Jóhannes úr Kötlum, *Vegurinn til lífsins II*.
8. Mao Tun / Hannes Sigfússon, *Flæðilandið mikla*.

Framhald útgáfu utan kjörbókaflokks Máls og menningar:

- Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar II*, seinni hluti, 1960.
 Helgi Hálfðanarson, *Undir haustfjöllum*, 1960.
 William Shakespeare / Helgi Hálfðanarson, *Leikrit III*, 1964.
 William Shakespeare / Helgi Hálfðanarson, *Leikrit IV*, 1969.


Ljóðabókaflokkur Heimskringlu

- Dagur Sigurðarson, *Milljónaævintýrið*, 1960.
 Vilborg Dagbjartsdóttir, *Laufið á trjánnum*, 1960.

Hafsteinn um framtíðina:

„Mér finnst ég eiga mikið ógert. Einn af göllum mínum er sá að ég vil skipta mér af öllu, líka því sem mér kemur ekki við. Til dæmis Mývatnsöræfunum. Út af fyrir sig koma þau mér ekki við, en ég vil samt ekki að þau fari á kaf í sand. Umfram allt hef ég brennandi áhuga á hverskonar formkúnt, bæði í prentlist og myndlist. Og mér er ekki sama um það hvernig myndlistin þróast. Sumt af því sem nú er sett fram undir merki myndlistar er að mín- um dómi eitthvað allt annað, en út í þá skilgreiningu fer ég ekki hér. Tökum til dæmis stuðlabergsdranga, sem dritað hefur verið út um allt í Viðey, vegna þess að útlendur frægðarmaður vildi standa að því.“

Úr viðtali Gísla Sigurðssonar við Hafstein, fyrst birt í *Lesbók Morgunblaðsins* 22. ágúst 1992.



Kriustrún í Hamravík eftir Guðmund G. Hagalín var fyrsta bókin í ritröðinni *Bókasafn AB*. Hafsteinn hannaði útlitið.

Guðbergur Bergsson, *Endurtekin orð*, 1961.

Baldur Ragnarsson, *Undir veggjum veðra*, 1962.

Dagur Sigurðarson, *Hundabærinn eða Viðreisn efnahagslífsins*, 1963.

Tuttugu og fimm ára afmælisútgáfa Máls og menningar

(Tólf bindi í tvenns konar bandi, annað handgert). Heimskringla, 1962.

Einar Olgeirsson, *Vort land er í dögum*. Björn Þorsteinsson annaðist útgáfuna. *Grískar þjóðsögur og æfintýri*. Friðrik Þórðarson snéri úr grísku.

Gunnar Benediktsson, *Skriftamál uppjafaprests – ritgerðir um kirkju, kommúnisma og kristindóm*.

Þórbergur Þórðarson, *Í Unuhúsi*.

Jóhannes úr Kötlum, *Óljóð*.

Halldór Stefánsson, *Blakkar rúnir*.

Halldór Laxness, *Prjónastofan Sólin – gamanleikur í þrem þáttum*.

Jón Helgason, *Tuttugu erlend kvæði og einu betur*.

Rannveig Tómasdóttir, *Andlit Asíu*.

Sverrir Kristjánsson, *Ræður og riss*.

Stefán Jónsson, *Vegurinn að brúnni*.

Tvær kviður fornar. Jón Helgason tók saman.

Aðrar útgáfur Máls og menningar / Heimskringlu

Kristinn E. Andrésson, *Eyjan hvíta*, 1951. (Hafsteinn sá alfarið um hönnun þessarar bókar, kápuna einnig).

Jónas Hallgrímsson, *Kvæði og sögur*. Heimskringla, 1957. (Hafsteinn sá alfarið um hönnun þessarar bókar).

Hermann Pálsson, *Eftir þjóðveldið*. Heimskringla, 1965. (Hafsteinn sá alfarið um hönnun þessarar bókar, kápuna einnig).

Kristinn E. Andrésson, *Um íslenskar bókmenntir*. Mál og menning, 1976-1979.


William Shakespeare / Helgi Hálfðanarson, *Leikrit I-VIII*. Almenna bókafélagið I-V / Mál og menning VI-VIII, 1982-1991. (Hafsteinn sá alfarið um hönnun þessara bóka).

Bókasafn AB. Íslenskar bókmenntir (Almenna bókafélagið, 1965-70).

Guðmundur G. Hagalín, *Kriustrún í Hamravík*, 1966.

Sigurður Nordal, *Líf og dauði* - sex útvarpserindi með eftirmála, 1966.

Sögur úr Skarðsbók. Ólafur Halldórsson sá um útgáfuna, 1967.



Matthías Johannessen, *Fagur er dalur*, 1966. Bókarkápa eftir Hafstein.

Píslarsaga síra Jóns Magnússonar. Sigurður Nordal sá um útgáfuna, 1967.
Jón Trausti, *Anna frá Stóruborg*, 1967.
Ólafur Egilsson, *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*. Sverrir Kristjánsson sá um útgáfuna, 1969.
Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*. Jón Eypórsson og Jóhannes Nordal sá um útgáfuna, 1970.
Gestur Pálsson, *Sögur*. Sveinn Skorri Höskuldsson sá um útgáfuna, 1970.
Guðmundur Finnbogason, *Íslendingar – nokkur drög að þjóðarlýsingu*. Finnbogði Guðmundsson sá um útgáfuna, 1971.

Ýmsar útgáfur AB

Íslensk þjóðfræði. Kvæði og dansleikir I-II. Jón Samsonarson tók saman, 1964.
Íslenskir málshættir I-II. Bjarni Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson tóku saman, 1966.
Matthías Johannessen, *Fagur er dalur*, 1966.
Matthías Johannessen, *Mörg eru dags augu*, 1968. (Hafsteinn sá um útlit bókbands).
Matthías Johannessen, *Tveggja bakka veður*, 1981
William Shakespeare / Helgi Hálfðanarson, *Leikrit* I-VIII. Almenna bókafélagið I-V / Mál og menning VI-VIII, 1982-1991.
Indriði G. Þorsteinsson, *Jóhannes Sveinsson Kjarval – ævisaga*, 1985.
Ritverk Sigurðar Nordals (1986-96). *Mannlýsingar* I-III, 1986 og *Fornar menntir* I-III, 1993.


Lærdómsrit Hins íslenska bókmenntafélags

Hið íslenska bókmenntafélag gefur út frá 1970 í ritstjórn Þorsteins Gylfasonar. Hér eru tilgreindar útgáfurnar fyrstu fjögur árin. Útlit bókana fékk sérstaka viðurkenningu að Hafsteini látnum.
Albert Einstein / Þorsteinn Halldórsson, *Afstæðiskenningin*, 1970.
John Kenneth Galbraith / Guðmundur Magnússon, *Iðnríki okkar daga*, 1970.
John Stuart Mill / Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Frelsið*, 1970.
Sigmund Freud / Maia Sigurðardóttir, *Um sálgreiningu*, 1970.
Charles Percy Snow / Baldur Símonarson, *Valdstjórn og vísindi*, 1970.
Godfrey Harold Hardy / Reynir Axelsson, *Málsvörn stærðfræðings*, 1972.
Frank Fraser Darling / Óskar Ingimarsson, *Óbyggð og allsnægtir*, 1972.
Karl Von Frisch / Jón O. Edwald, *Bera bý*, 1972.
Platón / Sveinbjörn Egilsson, *Síðustu dagar Sókratesar*, 1973.

Hafsteinn um tölvuvæðingu í hönnun:

„Í henni er hin ómælda hætta fólgin, en hún verður ekki skilgreind í fáum orðum. Mér finnst útlit bóka núna mjög tilviljanakennt. Fyrir því eru ákveðnar forsendur að mínu viti. Ég verð að segja, að það sést illa að vel menntað fagfólk hafi unnið að þessu. Of oft finnst mér birtast í útlitinu fáfræði um Bókina og hlutverk hennar og textans. Það sem ég hef verið að gera er prótest, mótmæli gegn þessu. Þegar litið er á blöðin finnst mér týpógrafían í Morgunblaðinu bezt, en í tímaritunum finnst mér allur þessi glanspappír þreytandi og ónauðsynlegur – svona álíka og maður gengi alltaf í kjól og hvítt. Mér þætti betra að sjá tímaritin að hluta til prentuð á mattan pappír.“

Úr viðtali Gísla Sigurðssonar við Hafstein, fyrst birt í *Lesbók Morgunblaðsins* 22. ágúst 1992.



Stefán Íslandi, *Í fjarlægð*, 1959.
Plötuúmslag eftir Hafstein.



MA kvartettinn, *Mansöngur*, 1960.
Plötuúmslag eftir Hafstein.



Gísli Magnússon, *Piano solo*, 1959.
Plötuúmslag eftir Hafstein.

Noam Chomsky / Halldór Halldórsson, *Mannshugur*, 1973.

Helgi Hálfðanarson, *Gætum tungunnar*, 1984.

Ýmis tímarit sem Hafsteinn kom að

Depill (Blað gefið út af starfsmannafélagi Hólaprents 1. tbl. mars 1961 til 13. tbl. í maí 1973, á baksíðu þess blaðs segir að Hólar hafi keypt Skarð).

Prentarinn

Sjómanna dagsblað Vestmannaeyja

Tímarit Heimilisíðnaðarins

Tímarit iðnaðarmanna

Tímarit Máls og menningar

Skírnir

Árbók Hins íslenska fornleifafélags

Hljómplötur sem Fálkinn hf. gaf út og Hafsteinn hannaði 45 snúninga plötur

Karлакór Reykjavíkur. *The Icelandic Singers*. Stefán Íslandi, Guðmundur Jónsson, Gunnar Pálsson, Sigurður Þórðarson, Fritz Weissappel. Parlophone-Odeon / EMI / Fálkinn, 1959.

Karлакór Reykjavíkur, vol. 1-4. Sigurður Þórðarson, Guðmundur Jónsson, Fritz Weissappel. Fálkinn, 1953.

MA kvartettinn, *Mansöngur* o.fl. Parlophone-Odeon / Fálkinn, 1960.

Sigurveig Hjaltsted. Ragnar Björnsson, orgel/píanó. Odeon / Fálkinn, 1962.

Einar Kristjánsson, *Draumalandið* o.fl. Parlophone-Odeon / EMI / Fálkinn, 1963.

Fóstbræður. Stjórnandi Ragnar Björnsson. *Bára blá*. Parlophone / Fálkinn, 1960.

Fóstbræður. Stjórnandi Jón Þórarinsson. *Per svinaherde*. Parlophone-Odeon / EMI / Fálkinn, 1959.

Fóstbræður. Stjórnandi Jón Þórarinsson. *Stjáni blái*. Parlophone / Fálkinn, 1960.

Lögreglukórinn. Stjórnandi Páll Kr. Pálsson. *Söngvar á jólum*. Fálkinn, 1964.

Gísli Magnússon, *Piano solo*. Fálkinn, 1959.

Fóstbræður. Stjórnandi Ragnar Björnsson. *Landkjennning*, o.fl. Parlophone / Fálkinn, 1960.

Stefán Íslandi, *Í fjarlægð*, o.fl. Parlophone-Odeon / Fálkinn, 1959.

Stefán Íslandi, *Ég lít í anda liðna tíð*. Parlophone-Odeon / EMI / Fálkinn, 1967.

Magnús Jónsson, *Fjólan, Bí bí og blaka*. Parlophone-Odeon / EMI / Fálkinn, 1961.

Jóhann Konráðsson, *Svanasöngur á heiði*. Fálkinn, 1964.

Kór kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands, *Svanurinn minn syngur*. Fálkinn, 1965.

Lúðrasveitin Svanur. Stjórnandi Jón Sigurðsson. *Music for a Ceremony*, Fálkinn, 1968.
 Karlakórinn Svanur. Stjórnandi Haukur Guðlaugsson. Fálkinn, 1967.
 Vilhjálmur frá Skáholti, *Upplestur úr eigin verkum*. Parlophone / EMI / Fálkinn, 1960.
 Guðmundur Jónsson/Ólafur Vignir Albertsson, píanó, *Fyrir átta árum*. Fálkinn, 1965.
 María Markan, *Sofðu góði*, o.fl. Fálkinn, 1964.
 Elsa Sigfúss, *Kenndu mér*. Fálkinn, 1964.
 Björn Ólafsson/Fritz Weissshappel, píanó. Fálkinn, 1960.
 Rögnvaldur Sigurjónsson, *La Campanella*, o.fl. Fálkinn, 1960.
 Malcuzyński, Chopin, valsar. Fálkinn, 1960.

33 snúninga plötur

Davíð Stefánsson, upplestur úr eigin verkum. Fálkinn, 1958.
 Páll Ísólfsson, *Johann Sebastian Bach*. Fálkinn, 1958 [1960].
 Páll Ísólfsson, *At the organ*. Vol 1-2. Fálkinn, 1961.
 Sigurður Nordal og Jón Helgason lesa úr eigin verkum. Fálkinn, 1964.
 Karlakór Reykjavíkur, *Íslenskir söngvar*. Fálkinn, 1963.
 Halldór Laxness/Davíð Stefánsson, *Tveir þjóðskörungur íslenskra bókmennta*.
 Parlophone-Odeon / EMI / Fálkinn, 1964.
Lýðveldishátíðin 1944 – Alþingishátíðin 1930. Ræður og ljóð. Fálkinn, 1964.
 Söngfélagið Hekla (vol 2). Samband norðlenskra karlakóra. Fálkinn, 1965.
Ólafur Thors í ræðustól. Fálkinn, 1965.
 Halldór Laxness, *Íslandsklukkan*, kassi, 3LP, bæklingur. Fálkinn, 1966.
 Davíð Stefánsson / Páll Ísólfsson, *Gullna hliðið*, kassi, 3LP, bæklingur. Fálkinn, 1968.
 Gunnar Gunnarsson og Tómas Guðmundsson lesa úr verkum sínum. Parlophone-Odeon / EMI / Fálkinn, 1968.
 Karlakór Ísafjarðar, *Í faðmi fjalla blárra*. Fálkinn, 1968.
 Þjóðleikhúskórinn, *Oft um ljúfar, ljósar sumarnætur – raddir úr leikhúsi*. Stjórnandi og undirleikari Carl Billich. Fálkinn, 1969.
 Einar Ólafur Sveinsson, *Höfundur les úr verkum sínum*. Fálkinn, 1969.
 Stefán Íslandi, *Famous tenor arias and duets*. His Master's Voice / Fálkinn, [án árs].



Halldór Laxness, *Íslandsklukkan*, 1966. Plötuumslag eftir Hafstein.



Sigurður Nordal og Jón Helgason lesa úr eigin verkum, 1964. Plötuumslag eftir Hafstein.



Davíð Stefánsson, *Gullna hliðið*, 1968. Plötubæklingur eftir Hafstein.

